

Ráðstefna „Frítíminn er okkar fag“

Laugardalshöll, Reykjavík 16. október 2015

Stefnumótun í æskulýðsmálum
2014–2018



Frítíminn
er okkar
fag

Laugardalshöll
föstudaginn 16. október 2015

Að ráðstefnunni stóðu FÍÆT - Félag íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa, FFF - Félag fagfólks í frítímapjónustu, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi.

Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018 var inntak ráðstefnunnar „**Fritíminn er okkar fag**“ sem var haldin í Laugardalshöllinni í Reykjavík föstudaginn 16. október 2015.

Innleiðing og aðgerðaráætlun stefnumótunarinnar var í brennidepli og voru haldin bæði erindi og málstofur um ýmis fagleg málefni s.s. gæðaviðmið í frístundaþjónustu sveitarfélaga, lýðræðisvinna með börnum o.fl.

Markhópur ráðstefnunnar voru: Starfsmenn sveitarfélaga sem starfa að íþrótta-, æskulýðs- og tómstundamálum, kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum, fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, háskólasamfélagið og annað fagfólk sem starfar á vettvangi fritímans.

Að ráðstefnunni stóðu FÍÆT - Félag íþrótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa, FFF - Félag fagfólks í fritímaþjónustu, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi.

Stefnumótunina má finna á [heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins](#).

Ráðstefnustjóri var Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ.

Dagskrá:

- kl. 9.00 **Setning. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra.**
- kl. 9.15 **Framkvæmd sveitarfélaga á innihaldi stefnunnar.** Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
- kl. 9.30 **Ungt fólk í Lundi, stefnumótun og þróun.** Anna Brynja Sigurgeirsdóttir verkefnisstjóri stefnumótunar fyrir lýðræðisstarfs ungs fólks í Lundi, Svíþjóð.
- kl. 10.30 **Samfés, staðan á vettvangi, þróunin í frístunda- og æskulýðsmálum á Íslandi.** Andri Ómarsson formaður Samfés og Victor Berg Guðmundsson framkvæmdastjóri Samfés.
- kl. 10.50 **Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs.** Björk Ólafsdóttir, matsfræðingur og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu SFS.

Hægt er að nálgast viðmið og vísbendingar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur á meðfylgjandi slóð:
- kl. 11.10 **Þar sem allir hugsa eins er lítið hugsað - Hlutverk tómstundafræðinga í litríku samfélagi.** Jakob F. Þorsteinsson aðjúnt og formaður námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði og nemendur úr tómstunda- og félagsmálafræði.

Hægt er að nálgast upptökur af öllum erindunum á eftirfarandi vefslóð: <http://www.samband.is/um-okkur/fundir-og-radstefnur/fritiminn-er-okkar-fag/>

kl. 11.30 **Heimskaffi um innleiðingu stefnumótunarinnar.** Sjá samantekt úr hópavinnu hér að neðan.

kl. 13.15 **Smiðjur**

1. **Barnasáttmálinn** - Hjördís Eva Þórðardóttir, réttindafræðslufulltrúi hjá UNICEF

2. **Tómstundahandbókin- hverju á að miðla-** Eygló Rúnarsdóttir, aðjúkt á Námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræðum við Háskóla Íslands
3. **Ungmennaráð Samfés** - Victor Berg Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samfés og meðlimir ungmennaráðsins.
4. **Evrópa unga fólksins** – Helga Dagný Árnadóttir, Evrópa unga fólksins
5. **Ungmennahús** – Andri Þór Lefever forstöðumaður Ungmennahússins Molans.
6. **Leikur að orðum –hugtök í fræðunum** - Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
7. **Starfsskrá frístundastarfs í Reykjavík** - Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu SFS
8. **Ungt fólk og lýðræði** – Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ
9. **Fjölmenningarleg frístundapjónusta** – Dagbjört Ásbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kamps

Í heimskafti ráðstefnunnar var stefnumótun í æskulýðsmálum krufin til mergjar og rætt um innleiðingu stefnunnar og aðgerðarbindingu.

Helstu niðurstöður voru þessar:

Mikilvægt er að sveitarfélög og ríki stuðli að því að börn og ungmenni geti sótt sér tómstundastarf óháð fjárhag. Tómstundastarf þarf að vera á viðráðanlegu verði. Aðstaða fyrir tómstundastarf þarf að vera til staðar og við hæfi fyrir starfsemina. Börn, á aldrinum 8 og 9 ára, sem taka þátt í starfsemi frístundaheimili hefur verið að fjölga og er því nauðsynlegt að aðlaga starfsemina að þeirra þörfum.

Mikil vöntun er á starfi fyrir börn á aldrinum 10 – 12 ára, sérstaklega til þeirra sem ekki stunda neitt tómstundastarf. Nauðsynlegt er að alltaf sé horft til þess að starfsemin höfði til beggja kynja einnig þarf að huga sérstaklega að því að ná til barna og unglunga af erlendum uppruna og virkja þau í tómstundastarfi. Mikilvægt að ná til jaðarhópsins sem er ekki að skila sér inn í tómstundastarf.

„Ekkert um okkur án okkar“ ætti að vera viðkvæði þegar unnið er að frítímastarfi fyrir börn og unglunga. Það kallar á að öll börn séu með í að skipuleggja, líka þau börn sem erfitt eiga uppdráttar t.d. vegna fötlunar, uppruna og þjóðernis. Lykilatriðið er að sveitarfélög fari að innleiða barnasáttmálann, þar koma fram þau atriði sem mikilvægt er að hlúa að. Rýna þarf æskulýðslögin með tilliti til hvort aðlaga þurfi þau að Barnasáttmálanum. Hvert sveitarfélag þyrfti að móta sér innleiðingaráætlun í sambandi við barnasáttmálann. Aðferðarfræði þeirra sem starfa í Lundi í Svíþjóð er algerlega til fyrirmyndar og ættu að vera sjálfsögð vinnubrögð hér á landi.

Mikilvægt er að byrja snemma að kenna börnum og ungmennum að bera ábyrgð á sínu tómstunda- og félagsmálastarfi. Þar læra þau að hafa áhrif og taka ákvarðanir sem vonandi nýtist þeim síðar.

Mikið var talað um að það þyrfti skýrari ramma og löggjöf í málaflokknum. Misjafnar skoðanir voru á því hvort æskulýðsstarf ætti að vera lögbundið verkefni. Flestir voru þó sammála um að ramminn þyrfti að vera skýr þannig að ef sveitarfélög ætla að bjóða upp á æskulýðsstarf þá þurfi þau að uppfylla ákveðin skilyrði (gæðaviðmið). Hingað til hafa sveitarfélögin verið að fjármagna starfsemina. Verkskipting ríkis og sveitarfélaga þarf að skoða í þessum málaflokki. Núverandi frístundastarf er of miklum sveiflum háð í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga. Með innleiðingu æskulýðsstefnu má sjá fyrir sér auka kostnað sem mun leggjast á sveitarfélögin en til að þessi innleiðing gangi vel er mikilvægt að málaflokkurinn fái sitt vægi innan ráðuneytisins.

Auka þarf áhrif ungmennaráða félagasamtaka og sveitarfélaga í stefnumótun og ákvarðanatöku.

Mikilvægt er að hafa skýra stefnu er varða ungmennaráð sveitarfélaga og auka samvinnu milli kjörinna fulltrúa og ungmennaráðanna.

Upplýsingamiðlar eins og facebook, instagram, snapchat, heimasíður, twitter, tölvupóstur og Mentor eru mikið notaðir og mikilvægt fyrir fagfólk að setja sig inn í hvaða miðla krakkarnir eru að nota. Mikilvægt að taka umræðu um siðferðisleg gildi varðandi notkun þessara miðla við börn og unglinga. Verklagsreglur um notkun þessara miðla og myndbirtingar er mikilvægt að hafa og uppfæra reglulega, þróun tækninnar er svo ör. Mikilvægt að hafa kynningar og námskeið fyrir foreldra og börn um siðferðisgildi um notkun samskiptamiðla. Mikilvægt að virkja og upplýsa foreldra um tómskundastarf sveitarfélaganna.

Fagstéttin er ung þ.e. félags- og tómsundafræðin, það verður að tryggja stöðu og styrkja fagið, því þarf að tryggja aðgengi nema í rannsóknasjóði. Mikilvægt að tengja vel saman háskólavettvanginn og starfsvettvanginn og að rannsóknir styðji við framþróun á vettvangi. Gríðarleg framþróun hefur orðið með þessu námi í háskólanum. Nauðsynlegt að koma vinnu háskólanemanna á framfæri þannig að hún nýtist starfsvettvanginum. Breyta þarf lögum um æskulýðssjóð og opna fyrir frumkvöðla-, sprota- og þróunarverkefni.

Mikilvægt er að upplýsa um stefnumótun í æskulýðsmálum og að farið sé að starfa eftir þessari stefnumótun. Næstu skref er að vinna aðgerðaráætlun og binda við hana fjármagn. Það er forsenda til árangurs.

Það er mikilvægt að hafa stefnur eins og þessa (stefnumótun í æskulýðsmálum) en það er enn mikilvægara að vinna eftir henni!